

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um flutning kirkju.**

48  
4. maí

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og að undangengum öðrum undirbúningi, veitir ráðuneytið hérmeð samkvæmt tillögum yðar, háæruverði herra, dags. 15. þ. m. og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess að söfnuðurinn í Klausturhólasókn í Árnesprófastsdæmi megi flytja kirkju sína frá Klausturhólum að Stóru-Borg, með því skilyrði, að hið nýja kirkjuhús verði reist heima við bæ á Stóru-Borg en ekki utan túns.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, um skiptingu Tjörneshrepps í tvö sveitarfélög.**

49  
14. júní

Með bréfi yðar, herra sýslumaður, dags. 1. þ. m., hafið þér sent ráðuneytinu erindi frá hreppsnefnd Tjörneshrepps, dags. 4. maí þ. á., um skiptingu Tjörneshrepps í tvö sveitarfélög, ásamt meðmælum sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu með því að skiptingin verði leyfð.

Út af þessu skal hérmeð samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12, 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Tjörneshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu skal skipt í tvö sveitarfélög. Skiptingin sé að landamörkum um Húsavíkurhrepp. Nyrðri hlutinn heitir Tjörneshreppur, en syðri hlutinn Reykjahreppur.

2. Til skipta skulu koma allar eignir hins núverandi Tjörneshrepps nema skólahúsið að Hallbjarnarstöðum, sem er séreign nyrðri hluta hreppsins. Fjallskilasjóðir hvors sveitarhlutans koma ekki til skipta, þar sem þeir eru þegar ákveðnir fyrir hvorn sveitarhluta.

3. Öll skipting eigna skal vera til helminga. Sömulleiðis séu helmingaskipti eftirleiðis á framfærslukostnaði núverandi þurfalinga Tjörneshrepps og öllum kröfum — framfærslukröfum sem öðrum kröfum — sem síðar kunna að koma fram á hendur hinum forna Tjörneshreppi.

4. Bækur þær, sem hreppsfélagið á nú, skal hinn nýi Tjörneshreppur kaupa eftir mati hreppsnefndar núverandi Tjörneshrepps, en hreppsnefnd Reykjahrepps skal eiga frjálsan aðgang að þeim, þó má ekki flytja þær úr Tjörneshreppi.

5. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara við n. k. áramót og skulu hinar nýkosnu hreppsnefndir framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum,

49 skuldbindingum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiptunum  
14. júní skal úr honum skorið af sýslunefnd.

6. Hreppsnefndarmenn skulu vera 3 í hvorum hreppi og skal kosning í hreppsnefndir þessar fram fara í n. k. janúarmánuði.

Þetta tilkynnist yður hérmeð til frekari aðgerða og birtingar að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Tjörneshreppi sem dómþinghá né manntalsþinghá.

50  
23. apríl

## REGLUGERÐ

um

barnapróf.

1. gr.

Skylt er að halda eitt próf á ári, og skal það haldið í lok kennslutímans að vorinu, þó eigi fyrr en í aprilmánuði.

2. gr.

Þau börn, sem námsstjóri hefir prófað áður um vorið, er ekki skylt að prófa aftur í sömu námsgreinum.

3. gr.

Einkunnir í móðurmáli og reikningi skulu gefnar eftir getu án tillits til aldurs. Það er og heimilt í öðrum námsgreinum.

4. gr.

Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum frá 0 og upp í 10. Þegar tekið er meðaltal af einkunn kennara og prófdómara má nota brotið  $\frac{1}{2}$  (= 0,5), sömu leiðis við úrlausnir skriflegra verkefna.

5. gr.

Til þess að standast fullnaðarpróf, þarf meðaleinkunn að vera að minnsta kosti 5, enda sé ekki lægri einkunn í hverri grein móðursmáls (lestri, skrift og réttitun) og reikningi.

Ágætiseinkunn er 9—10, I. einkunn er 8—9; II. einkunn frá 6—8 og III. einkunn frá 5—6.

6. gr.

Ef námsstjóri kemst við eftirlitspróf að raun um það, að mjög skorti á kunnáttu barns eftir hæfileikum þess, má hann leggja bann við því, að barnið nái fullnaðarprófi á því ári.